



Grundarfjarðarbær

Gjaldskrá Grundarfjarðarbæjar vegna efnistöku í námum

1. gr

Gildissvið

Gjaldskrá þessi gildir fyrir námur í eigu Grundarfjarðarbæjar og er sett skv. samþykkt 272. bæjarstjórnarfundar dags. 11.05.2023 og 274.

bæjarstjórnarfundar dags. 14.09.2023.

2. gr

Umsjón

Námur heyra undir umhverfis- og skipulagssvið bæjarins. Byggingarfulltrúi hefur yfirumsjón með námum í eigu sveitarfélagsins og nýtur aðstoðar verkstjóra yfir áhaldahúsi, **sem sér um dagleg samskipti vegna nýtingar á námum.**

3. gr

Efnistaka

Þeir aðilar sem óska eftir efnistöku úr námunum skulu senda inn skriflega beiðni á bygg@grundarfjordur.is og tilgreina magn efnis í rúmmetrum ásamt stærð efnis, **þar sem það á við.** Öll efnistaka úr námum er gjaldskyld í samræmi við samþykktu gjaldskrá bæjarins. Öll efnistaka án leyfis byggingarfulltrúa verður umsvifalaust kærð til lögreglu í samræmi við ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. gr

Reglur um aðgengi og umhirðu á námusvæðum

Hrafnasá

☐ Efni skal nema upp eftir farveginum á móti rennslisstefnu vatnsins og byrjað neðst.

☐ Efni skal unnið lagskipt, þ.e. byrjað að nema um 1 m lag ofanaf efnistökusvæðinu öllu +/- . Að því loknu verði næsta ca. 1 m þykka lag numið þar til allt að 49.500 m³ af steinefni hefur verið numið í heildina.

☐ Bakkar sem verða til við efnistöku þurfa ávallt að vera aflíðandi og mega aldrei vera hærri en 1 m

☐ Haga skal frágangi bakka þannig að flái sem myndast á börmum við vinnslu, verði aldrei meiri en 1:3

☐ Huga þarf að frágangi efnistökkunnar í hverjum vinnsluáfanga. Aldrei sé skilið við svæðið þannig að hætta geti stafað af háum börmum eða öðru eftir atvikum, sbr. 1 m regluna og 1:3 í lokafrágang.

☐ Við endanlegan frágang verði skilið þannig við efnistökusvæðið að barmar norðan og sunnan megin verði ávalir, með fláa 1:6 til að mýkja línur farvegarins og rennsli árinna.

☐ **Að öðru leyti fer um umgengni og nýtingu skv. nýtingaráætlun fyrir Hrafnasá, skv. því sem mælt er fyrir um í "Efnistaka í Hrafná í landi Hrafnkelsstaða; Áætlun um efnistöku" frá því í maí 2021.**

Grundarkampur

☐ Öll efnistaka skal vera í samráði við umsjónarmann námunnar, óheimilt er með öllu að taka efni úr bökkum eða rjúfa bakka vegna efnistöku.

☐ Öll efnistaka skal eiga sér stað í fjörunni. Haga skal efnistöku þannig að náman geti hlaðið sig sjálf jafnt og þétt.

Gerist aðilar brotlegir við reglur þessar eiga þeir á hættu að verða sektaðir.

5.gr Gjaldskrá

Flokkur: Verð, kr/m³ með virðisaukaskatti:

Grundarkampur

Fjörugrjót 500 kr.

Hrafnasá

Efni 500 kr.

Unnið efni 0-25mm 2.700 kr.

Lambakróarholtsnáma

Kjarni 0-500 mm 2.500 kr.

Grjót 100-1000kg 3.500 kr.

Grjót 1000-3000kg 4.500 kr.

Grjót 3000-6000kg 7.200 kr.

Grjót 6000kg og yfir 10.500 kr.

Unnið efni 0-100mm 1.600 kr.

Steppubrot,
endurunnið efni 0-

60 mm 2.500 kr.

Gjaldskrá þessi uppfærist m.v. byggingarvísitölu **mánaðarlega**. Verði:
í upphafi hvers árs, nema bæjarstjórn ákveði annað.

6.gr Gildistaka

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar 11. maí 2023 og tekur gildi þegar í stað. **Breyting gerð af bæjarstjórn 14. september 2023.**